

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 27. mars 2026

Mál nr. S-1856/2025:

## Ákærvaldið

(Klara Dögg Thorarensen aðstoðarsaksóknari)

## gegn

Elíasi Georgssyni

(Björgvin Jónsson lögmaður)

(Ingi Freyr Ágústsson réttargæslumaður)

## D Ó M U R

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 9. febrúar 2026, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara 19. júní 2025, á hendur Elíasi Georgssyni, kt. [...], [...], Reykjanessbæ:

„fyrir brot gegn frjálssræði, líkamsárás og brot gegn barnaverndarlögum, að kvöldi sunnudagsins 26. febrúar 2023, með því að hafa veist með ofbeldi að A, kt. [...], þá 12 ára, skammt frá heimili ákærða, en hann elti drenginn uppi, felldi hann í jörðina og hélt honum þar föstum, dró hann svo á fætur og tók hann gegn vilja sínum inn á heimili ákærða að [...] og læsti útihurðinni þar til nágranni ákærða kom og færði drenginn út af heimilinu, allt með þeim afleiðingum að A hlaut mar á innri upphandlegg, á framhandlegg og lófasvæði hægri handar, skrámur og hruflaða húð á sköflungi beggja vegna, mar aftan á kálfa beggja vegna og framan á hné og blámar og hruflaða húð á hægri hné. Með háttseminni sýndi ákærði drengnum yfiringang og ruddalegt athæfi auk ógnandi og vanvirðandi framkomu.“

Er framangreind háttsemi talin varða við 1. mgr. 225. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þá er í ákæru tekin upp einkaréttarkrafa af hálfu [...], kt. [...], fyrir hönd ólögráða sonar síns, brotapolans A. Er endanleg krafa brotapola á þann veg að krafist er greiðslu miska- og skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 858.500 krónur, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. febrúar 2023 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Til vara gerir hann þá kröfu að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið eða refsing verði látin niður falla. Til þrautavara er krafist vægustu refsingar og að hún verði að öllu leyti skilorðsbundin. Þá er þess krafist að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi en til vara að bætur verði stórlega lækkaðar. Að lokum er gerð krafa um hæfileg málsvarnarlaun.

## **1 Helstu málavextir**

1.1 Í aðkomuskýrslu lögreglu greinir að um klukkan 22:06 sunnudaginn 26. febrúar 2023 hafi lögreglu borist tilkynning um „að eitthvað mikið væri í gangi fyrir utan [...] í Reykjanesbæ“. Segir að við komu á vettvang hafi hópur barna veifað til lögreglu og vísað henni að húsi ákærða, sem þau sögðu vera þar inni. Þá kom þar að vitnið B sem kvaðst hafa brotið rúðu í útidyratur ákærða í þeim tilgangi að sækja brotapola, sem hafi verið þar inni. Í dyragætt hússins stóð X, eiginkona ákærða, sem tjáði lögreglu að hún „væri með allt á upptöku“ og að lögreglumenn væru jafnframt ekki velkomnir í hús þeirra. Fyrir aftan X stóð ákærði, Elías Georgsson, og kemur fram að hann hafi verið verulega æstur og sagt lögreglu að koma sér á brott og „skipta sér ekki af þessu“ og neitaði hann ítrekað að ræða við lögreglu á vettvangi. Þá segir að sökum þess að ákærði hafi sýnt mótþróa í samskiptum við lögreglu hafi hann verið færður í handjárn. Í skýrslunni segir að lögregla hafi á vettvangi rætt við brotapola, A, og vitnin C og D. Sögðust þeir hafa verið úti við ásamt fleirum og hafi verið að „gera dyraat ofar í götunni“. Þeir hafi þá tekið eftir „konu sem var að taka myndband af þeim“. Sögðust þeir hafa gengið til konunnar sem hafi þá kallað til þeirra og sagt þeim að fara eitthvað annað, sem þeir hafi gert. Stuttu síðar hafi þeir gengið um [...] í þeim tilgangi að fara að húsi D, en hann búi að [...]. Hafi þeir þá skyndilega orðið varir við ákærða sem hafi komið hlaupandi að þeim og sparkað í brotapola og jafnframt reynt að rífa í vitnið C, með þeim afleiðingum að brotapoli féll

í jörðina. Sögðu þeir ákærða hafa lagst ofan á brotþola og hreytt í hann fúkyrðum og meðal annars sagt: „Þú dast sjálfur því þú ert svo feitur og kannt ekki að hlaupa.“ Sögðu þeir ákærða þá hafa rifið brotþola með sér inn í hús sitt að [...] og læst hurðinni.

Hafði lögregla eftir brotþola að hann hafi orðið svo hræddur að hann hafi ekki náð að gráta. Sagði hann að þegar inn í húsið var komið hafi ákærði hrist hann og haldið þétt utan um hann og spurt hann hvar hann ætti heima, sem brotþoli hafi greint honum frá. Sagði hann ákærða hafa sagt við sig að „10.000 manns væru á leiðinni“ og að „eitt-hvað slæmt væri í vændum“ fyrir brotþola og fjölskyldu hans.

Í skýrslunni greinir að brotþoli hafi sýnt lögreglu áverka sem hann sagði hafa af þessu hlotist og að sjá hafi mátt mar á vinstri og hægri fæti brotþola, en að hans sögn hafi ákærði sparkað í hann sem hafi við það hrasað og lent á báðum hnjúm sínum.

1.2 Tekin var skýrsla af brotþola, A, hjá lögreglu 28. febrúar 2023 sem var þá mættur til lögreglu í þeim tilgangi að leggja fram kæru á hendur ákærða. Greindi brotþoli þar svo frá að hann hafi, ásamt fleirum, verið að gera dyraat í götunni. Kveðst hann hafa bankað á útidyrhurðina hjá ákærða, sem hann kallaði „Ella klikk“, en enginn hafi komið til dyra. Sagðist hann þá hafa gengið frá húsinu en síðar komið aftur í „ná-grenni við það“. Sagðist hann hafa séð „einhverja konu“ sem stæði á götunni og væri að taka myndband af drengjunum á síma sinn. Hafi konan sagt þeim að lögreglan væri á leiðinni. Sagði hann þessa konu hafa „orðið brjáláða“ og drengirnir hafi orðið mjög hræddir og beðið konuna fyrirgefningar. Þeir hafi gengið frá húsinu að stað þar sem „lúpínurnar hafi verið“. Þeir hafi í framhaldinu gengið á ný fram hjá húsi ákærða þegar félagar hans hafi séð mann (ákærða) koma hlaupandi í átt til þeirra. Sagði hann ákærða hafa „hoppað“ á sig og „tekið“ sig „niður í jörðina“ og haldið sér þar í smástund. Sagði brotþoli ákærða síðan hafa staðið upp og haldið brotþola með annarri hendi. Sagði hann ákærða hafa hótad sér og sagt að brotþoli myndi aldrei frammar þora út úr húsi þar sem 10.000 manns myndu koma og finna hann. Sagði hann ákærða tekið ljósmynd af brotþola og sagt honum að brosa fyrir myndatöku. Taldi brotþoli þetta hafa tekið um fjórar til fimm mínútur.

Aðspurður sagði brotþoli ákærða hafa meitt brotþola. Nánar tiltekið hafi ákærði hrist hann til þegar hann hafi legið á jörðinni. Kvaðst hann í fyrstu ekki geta sagt til um hvort hann hafi legið á bakinu eða á maganum með andlit sitt í götunni þegar ákærði hafi hrist hann til, en kvaðst síðar reka minni til þess að hafa legið á bakinu á þeim tíma þegar

ákærði hafi tekið af honum mynd. Sagði hann ákærða síðan hafa rifið sig upp af jörðinni og sagt við sig að hann ætti að biðja hann afsökunar, sem brotþoli kvaðst þegar hafa gert. Nánar lýsti brotþoli þessu svo að ákærði hafi haldið í vinstri upphandlegg brotþola og rifið hann þannig upp. Sagði hann ákærða hafa farið með sig inn í hús sitt og læst útidyrhurðinni þegar inn var komið. Sagði brotþoli að ákærði hafi beðið konu sína um að hringja á lögreglu og taka upp myndband af brotþola. Kvaðst brotþoli hafa verið mjög hræddur á þessum tíma og í fyrstu talið að ákærði hafi ætlað að nauðga sér, þó að ákærði hafi ekki haft það á orði. Brotþola hafi liðið eins og hann hafi verið lengi inni í húsi ákærða, en hann áætlaði að hann hafi verið þar í um þrjár til fimm mínútur. Ákærði hafi hrætt brotþola með því að segja ítrekað að margir ótilgreindir menn myndu koma og taka hann. Brotþoli sagði að ákærði hefði verið „alveg brjáláður“. Sagði brotþoli að vitnið B, faðir D, hefði komið að húsinu og reynt að opna dyrnar. Hann hafi bankað svo fast að dyragluggi hafi brotnað. Brotþoli gat ekki sagt til um hvort ákærði hafi þá opnað fyrir B eða hvort B hafi teygt sig inn um brotinn gluggann og opnað sjálfur.

1.3 Tekin var skýrsla af ákærða, Elíasi Georgssyni, hjá lögreglu 27. febrúar 2023. Sagðist hann alla tíð hafa setið undir „miklum árásum“ á heimili sitt af hálfu fjölda aðila. Til dæmis hafi verið unnin skemmdarverk á bílum, húsi og grindverki með ýmsum hætti. Þá hafi verið kastað „sprengjum“ á húsið, snjó mokað inn í herbergi barna þeirra og grindverk brotin. Sagði hann lögreglu ekkert hafa aðhafst í þessu.

Lýsti hann atvikum svo að umrætt sinn hafi verið „hamast á“ gluggum hússins og barið á dyr með „bareflum eða einhverju slíku“. Líkti hann þessum aðförum við trommukonsert. Kvaðst hann hafa beðið konu sína um að hringja á lögreglu, en hann viti þó ekki hvort hún hafi orðið við því. Kvaðst ákærði hafa farið út og tekið sér stöðu „hinum megin við götuna“ og beðið þar allt þar til drengirnir hafi mætt aftur og þeir staðið á lóðarmörkum, fjórir saman. Sagðist hann hafa náð að ganga til þeirra, sem hafi brugðið mjög við það og þeir tekið á rás. Hafi einn þeirra, sem ákærði lýsir sem þykkum og stirðbusalegum, dottið í „hamagangnum“ og „gargað að hann hafi ekki gert neitt“. Kvaðst ákærði hafa sagt við hann hvort hann vilji ekki koma með sér og ræða við konu ákærða og biðja hana „afsökunar á þessu“, en ákærði hafi ætlað sér að hringja á lögreglu. Kvaðst ákærði hafa tekið í höndina á brotþola til að hjálpa honum upp af götunni, en hann hafi ekki verið „nógu lipur“ til að standa sjálfur upp. Hafi þeir síðan gengið saman hlið við hlið að húsi ákærða þar sem eiginkona hans hafi tekið á móti þeim. Hafi brotþoli

gengið inn í hús þeirra og þau tekið þar „tal saman“ í anddyri hússins. Sagði hann brotaþola hafa gengið sjálfviljugur með sér inn í húsið. Ákærði kvaðst hafa lokað útidyrnum, hringt á neyðarlínu og beðið um samband við lögregluna í Keflavík. Kvaðst hann vart hafa lokið því samtali þegar gler í útidyrhurð hússins hafi brotnað og vitnið B ruðst inn í húsið, hrint ákærða og gargað á hann með ógnandi hætti. Hafi B síðan farið út með brotaþola en „vaðið“ nokkrum sinnum að ákærða eins og hann væri að gera sig líklegan til að skalla hann. Í framhaldinu hafi lögregla mætt á svæðið og handtekið ákærða.

Ákærði kvað drengina hafa veist tvívegis að húsi hans þetta kvöld, en um 15–20 mínútur hafi liðið frá fyrri atlögu fram að hinni síðari.

1.4 Lögregla tók tvívegis skýrslu af vitninu X, eiginkonu ákærða, og naut hún í bæði skiptin réttarstöðu sakbornings. Í fyrri skýrslu sinni, 27. febrúar 2023, kvaðst hún ekki hafa orðið vitni að neinu því sem átt hafi sér staða utan við hús þeirra umrætt kvöld. Það eina sem hún hafi orðið vitni að var þegar maður hafi brotið rúðu í útidyrhurð hússins. Sagði hún fjóra drengi hafa komið og barið allt hús þeirra hjóna að utan og hún hafi í kjölfarið farið út úr húsinu til að ræða við þá, en farið aftur inn þegar þeir voru farnir.

Nánar tiltekið kvaðst hún hafa verið heima ásamt manni sínum, ákærða Elíasi, umrætt kvöld. Þau hafi setið saman í stofu og horft á sjónvarp þegar þau hafi hrokkið upp við að barið var fast á útidyr hússins. Sagðist hún hafa heyrt í krökkum á hlaupum, en þetta væri ekki í fyrsta sinn sem veist hefði verið að húsi þeirra. Kvaðst hún hafa farið út, séð þar drengina og tekið þá upp á myndband, og hafi drengirnir síðan yfirgefið svæðið og hún farið aftur inn til sín. Nokkru síðar hafi ákærði tjáð henni að „dregurinn ætli að tala við hana og biðja hana afsökunar“. Kvaðst hún ekki hafa vitað hvað hafi átt sér stað á milli ákærða og drengsins. Sagði hún að stuttu síðar hefði nágrenni þeirra, vitnið B, brotið rúðu á útidyrhurð hússins. Hún hafi þá opnað dyrnar og hafi B þá „rokið inn“.

X kvaðst aðspurð ekki geta sagt til um það hvort brotaþoli hafi komið sjálfviljugur inn. Sagðist hún ekki hafa orðið vör við að ákærði hafi lagt hendur á brotaþola. Kvaðst hún hafa rætt við drenginn sem hafi staðið við hlið hennar og „skælt“.

Í skýrslutöku 31. maí 2024 bar hún með sama hætti og áður. Sagði hún að gert hefði verið dyraat á heimili þeirra umrætt kvöld. Þau séu ekki með dyrabjöllu og því hafi verið barið á útidyrhurð þeirra. Sagðist hún halda að þrír drengir hefðu staðið að þessu, en hún kvaðst ekki hafa þekkt til þeirra. Sagði hún ákærða hafa kallað á hana og sagt

henni að til þeirra væri kominn drengur sem ætlaði að biðja hana fyrirgefningar. Kvaðst hún hafa komið í anddyrið og um leið kveikt á myndbandsupptöku. Sagði hún drenginn hafa sagt við sig að dyraatið væri hluti af TikTok-leik. Aðspurð sagði hún ekkert hafa amað að drengnum allt þar til vitnið B hafi brotið sér inngöngu í húsið. Þá hafi drengurinn farið að hágráta. Sagði hún brotþola ekki hafa beðið um að fá að fara út úr húsinu, en hún sagði afskipti sín af drengnum hafa varað í sjö sekúndur. Aðspurð kvaðst hún ekki geta sagt til um það hvort útidyrhurðin hafi verið læst.

1.5 Vitnið E gaf skýrslu hjá lögreglu 25. mars 2024, að viðstöddum föður sínum. Sagðist hann muna illa eftir atvikum, enda langt um liðið, auk þess sem upplýst var að E hefði sjálfur nýlega fengið þungt höfuðhögg og því væri minni hans ekki eins og best væri á kosið. Greindi hann frá því að hafa, ásamt vinum sínum, gert dyraat umrætt kvöld. Sagðist hann hafa falið sig á meðan vinir hans, A og D, hefðu bankað á húsið. Sagði hann konu ákærða hafa verið fyrir utan húsið og tekið myndband af vinunum. Sagði hann þá hafa reynt að biðja konuna afsökunar á framferði sínu. Í framhaldinu hafi þeir séð ákærða koma á eftir þeim. Sagðist hann hafa séð brotþola kalla á hjálp þar sem hann lá í götunni, en ákærði hafi á meðan staðið yfir honum. Sagði hann þá félagar hafa hlaupið heim til D og sagt foreldrum hans frá því sem gerst hafði. Sagði hann þabba D, B, þá hafa farið að heimili ákærða og bankað fast upp á með þeim afleiðingum að gler í hurðinni brotnaði. E kvaðst hvorki hafa orðið var við ofbeldi né hótanir umrætt kvöld. Þá sagðist hann ekki hafa séð áverka á brotþola sem hafi jafnframt ekki greint sér frá því að hafa fengið áverka.

1.6 Lögregla tók skýrslu af vitninu F 26. mars 2024, að viðstaddri móður sinni. Kvaðst hann hafa séð nokkra krakka gera dyraat þetta kvöld. Sagði hann að maðurinn sem bjó í húsinu sem þeir höfðu gert dyraat í hefði komið hlaupandi á eftir krökkunum. Sagði F maðurinn hafa náð einum drengjanna og að hann hefði sparkað í hæl hans með þeim afleiðingum að brotþoli féll í jörðina. Sagði hann ákærða þá hafa lagst ofan á brotþola til þess að koma í veg fyrir að hann hlypi á brott. Sagði hann brotþola hafa grátið og ítrekað kallað á hjálp. Sagði hann að ákærði hefði rifið brotþola upp af jörðinni með því að halda „aftan í“ úlpu hans og farið með hann á heimili sitt og læst á eftir sér. Sagðist hann hafa heyrt brotþola halda áfram að kalla á hjálp. Kvaðst F hafa heyrt öskur frá ákærða þegar þeir voru þar inni, en hann taldi að brotþoli hefði verið þar í um 20–

25 mínútur. Sagði hann hina drengina hafa hlaupið heim til D og sótt föður hans, B, sem hafi farið til ákærða og barið fast á útidyr hússins með þeim afleiðingum að rúða brotnaði. Sagði hann ákærða þá hafa komið út úr húsinu og rifist við B.

1.7 Vitnið D gaf, að viðstöddum föður sínum, skýrslu hjá lögreglu 9. apríl 2024. Greindi hann frá því að hafa, ásamt vinum sínum, gert dyraat í götunni. Sagði hann þá meðal annars hafa gert dyraat í „bláu lengjunni“, heima hjá ákærða og konu hans. Sagði hann þá hafa hlaupið í burtu þegar dyrnar voru opnaðar. Sagði hann drengina þá hafa farið á bak við húsið þar sem eiginkona ákærða, X, hafi komið til þeirra og tekið af þeim myndbönd. Hafi hún sagst ætla að birta myndböndin, en hann viti ekki hvar þau hafi átt að birtast. Þeir hafi síðan gengið fram hjá húsi ákærða, á leið sinni til baka, þegar hann hafi skyndilega komið hlaupandi í átt til þeirra. Hafi ákærði „tæklað“ brotþola og síðan sest ofan á hann þannig að brotþoli hafi ekki náð að komast undan. Sagði hann brotþola hafa legið þannig á maganum og ítrekað kallað á hjálp. Sagði D ákærða jafnframt hafa reynt að grípa í vitnið C, en það ekki tekist. Kvaðst D hafa verið hræddur og hlaupið heim til sín og látið foreldra sína vita hvað gerst hefði. Hefði faðir hans, B, þá farið heim til ákærða og bankað fast á húsdyrnar með þeim afleiðingum að rúða brotnaði. Við það hafi brotþoli loks komist út.

1.8 Vitnið G gaf skýrslu hjá lögreglu 15. apríl 2024, að viðstaddri móður sinni. Kvaðst G hafa verið við Bitann þegar hann hafi orðið var við drengi sem væru að gera dyraat á heimili ákærða. Kvaðst hann í framhaldinu hafa séð ákærða hlaupa á eftir drengjunum. Sagði hann að ákærði hefði náð einum drengjanna, brotþolanum A. Sagði hann ákærða hafa haldið brotþola, sem hafi legið á maganum, með því að setja hné sitt á bak hans þar sem hann hafi legið í jörðinni. G sagði brotþola hafa grátið og kallað á hjálp á meðan á þessu hafi staðið. Aðspurður taldi hann brotþola hafa legið í um hálfu til eina mínútu á jörðinni. Ákærði hafi þá rifið brotþola upp, með því að halda í fót hans, og leitt hann þannig inn á heimili sitt og lokað á eftir þeim. Sagði hann föður eins drengsins síðan hafa komið á staðinn og bankað fast á útidyrhurð ákærða, en við það hafi gluggi í hurðinni brotnað. Sagði hann brotþola hafa dvalið í um þrjár mínútur á heimili ákærða.

1.9 Anna H mætti til skýrslutöku hjá lögreglu 26. apríl 2024, að viðstaddri móður sinni. Kvaðst hún hafa verið á leið sinni frá Bitanum umrætt kvöld þegar hún hafi orðið vör við nokkra stráka á hlaupum undan fullorðnum manni, ákærða Elíasi. Kvaðst hún síðan hafa séð einn drengjanna liggjandi í jörðinni og hafi ákærði legið með hné sitt ofan á drengnum. Vitnið kvaðst hvorki geta sagt til um hvernig brotþoli hafi endað í jörðinni né hvort hann hafi legið á maganum eða á bakinu. Sagðist hún halda að ákærði hefði verið með hné sitt á brotþola í um tvær mínútur. Sagði hún ákærða hafa haldið í peysu drengsins, tekið hann upp af jörðinni og gengið með honum inn á heimili sitt. Sagði hún að á meðan á þessu hafi staðið hafi drengurinn grátið og beðið ákærða um að hætta. H sagði hina drengina hafa hlaupið heim til eins þeirra og sótt föður hans, sem hafi komið á staðinn og bankað mjög fast á útidyrhurð ákærða með þeim afleiðingum að rúða í hurðinni brotnaði. Sagðist hún telja að brotþoli hafi verið í um 15 mínútur inni hjá ákærða.

1.10 Vitnið Kristján I gaf skýrslu hjá lögreglu 15. maí 2024. Sagðist hann hafa verið heima hjá sér umrætt kvöld þegar nokkrir drengir hafi gert hjá honum dyraat. Sagði hann að hundur hans hafi orðið mjög æstur við þetta og því hafi hann ákveðið að hleypa hundinum út í garð á bak við hús sitt. Sagði I að hann hefði séð ákærða setjast upp í bíl og heyrt að kona hans hefði verið að reyna að stöðva hann. Sagðist hann þá strax hafa grunað að drengirnir hefðu einnig gert dyraat á heimili ákærða. Vitnið kvaðst hafa ákveðið að fara í göngutúr með hund sinn í þeim tilgangi að fylgjast með ferðum ákærða. Kvaðst hann hafa séð ákærða aka um götuna líkt og hann væri að leita að einhverjum. Kvaðst hann hafa verið kominn nokkuð frá heimili sínu þegar hann hafi heyrt mikil „öskur og læti“. Hann hafi því hlaupið heim á leið þar sem margmenni var samankomið. Sá hann þar föður eins drengsins og brotþola. Kvaðst vitnið ekki hafa orðið var við neitt ofbeldi eða hótanir umrætt kvöld.

1.11 Vitnið C gaf skýrslu hjá lögreglu 15. maí 2024, að viðstaddri móður sinni. Kvaðst hann hafa verið með vinum sínum umrætt kvöld, en þeir hafi verið að gera dyraat. Sagði hann ákærða hafa falið sig á bak við rafmagnsstaur og taldi hann líklegast að ætlun ákærða hefði verið að „ræna“ einum þeirra, líklegast brotþola eða D, þar sem þeir hafi verið forsprakkar dyraatsins. Að sögn C hafi ákærði síðan hlaupið á eftir drengjunum, en

hann hafi sjálfur tekið á rás heim til D. Taldi vitnið víst að ákærði hefði „fellt“ brotþola, en hann hefði þó ekki séð það sjálfur.

1.12 Í málinu liggur frammi læknisvottorð lækni nr. [...], sérfræðings í heilsgæslulækningum, dagsett 20. mars 2023. Segir þar að brotþoli hefði leitað á bráðamóttöku HSS 26. febrúar sama ár í fylgd móður sinnar. Tók læknir niður eftirfarandi frásögn drengsins:

„Hann var að gera dyraat og verður einn maður sem þeir dingla hjá [] ósáttur. Maðurinn felur sig og tekur síðan í hann, hrindir honum niður, heldur í báða framhandleggi og heldur honum niðri, dregur hann inn í íbúðina sína og læsir hurðinni. Faðir vinar hans tekur eftir þessu, brýtur rúðuna og nær þ.a.l. að opna hurðina og aðstoðar hann út. [...]“

Segir í vottorðinu að brotþoli hafi verið í miklu andlegu uppnámi við komu á deild. Hann sé með skrámur á sköflungum, marbletti á innri upphandlegg hægri handar og mar á framhandlegg hægri handar. Þá segir í vottorðinu:

„Skoðun:

Sjúklingur er skýr, vel vakandi og ekki veikindalegur að sjá, er að sjá í áfalli.

Höfuð: Ekki sár, bólga, mar, aflögun né eymsli.

Augu: Slímhúðir eru eðlilegar. Eðlilegar augnhreyfingar og ljóssvörun beint og óbeint í báðum augum.

HNE: Ekki aflögun né eymsli á nefi, engin nefblæðing. Engin þreifiefymsli eru til staðar yfir andlitsbeinum. Getur opnað munn og bitið saman eðlilega án verkja. Engir áverkar á tönnum né tungu.

Háls: Ekki virðast þreifiefymsli yfir hryggjartindum. Engin sár, bólga, mar, aflögun né eymsli á hálsi.

Bak: Ekki þreifiefymsli yfir hryggjartindum. Engin sár, bólga, mar, aflögun né eymsli á baki.

Brjóstkassi: Lungnahlustun er jöfn og hrein. Eðlileg hjartahlustun. Ekki sár, bólga, mar, aflögun né eymsli á brjóstkassa

Kviður: Kviður er ekki þaninn og mjúkur og eymslalaus. Ekki sár, mar eða bólga.

Skoðun er að sjá:

Full og eðlileg hreyfigeta í útlimum, engin aflögun.

Mar á innri upphandlegg hægri handar.

Mar á framhandlegg hægri handar

Mar á palmar svææði [svø] við MC 1 basis.

Skrámur á sköflungi beggja vegna, ásamt hrufllaðri húð en húð ekki opnuð/ Ekki laceration sár. Ekki blæðing.

Aftan á kálfa var mar að sjá beggja vegna, innan við 1cm stærð, deyfð. vinstra megin og framan á hné infercanteriort. vinstra megin, einnig að sjá á hægra hné blámar og hruflluð húð ekki opin infercanteriort aðeins lateralt.“

Þá er í vottorðinu mælt fyrir um meðferð við metnum áverkum. Segir þar að ekki séu merki um alvarlega áverka og honum sé því óhætt að fara heim. Brotapola var þó ráðlagt að hafa samband við heimilislækni ef óþægindi reyndust vera viðvarandi eða verkir færu versnandi. Þá segir í vottorðinu:

„- Er með kvíða eftir áfallið, hefur tekið phenergan áður, fær að taka slíkt í kvöld fyrir svefninn, kvíður [svø] því að fara að sofa. Eiga það heima.

- Fá almennar ráðleggingar um nærveru sálar eftir trauma, móðir vinnur hjá rauðakrossi.“

Að lokum greinir í vottorðinu að brotapolu hafi á ný leitað til bráðamóttöku 27. febrúar sama ár. Segir um það: „Samtalsmeðferð og gerð tilvísun til sálfræðiteymis HSS. Greiningar: Áfall F43.“

1.13 Í málinu liggja frammi ljósmyndir af ætluðum áverkum á brotapolu umrætt sinn. Þá hefur verið lögð fram myndbandsupptaka úr símtæki eiginkonu ákærða, X, en myndbandið er tekið innandyra á heimili þeirra þar sem brotapolu var staddur. Má þar meðal annars sjá þegar bankað er á útidyrhurð þeirra með þeim afleiðingum að gler í hurðinni brotnar. Á meðan það á sér stað sést ákærði vera að tala við lögreglu í síma. Í kjölfar þess sést ákærði opna hurðina og inn kemur maður, vitnið B, sem segir við ákærða að hann eigi ekki að ráðast á krakka. Sést B færa brotapolu út af heimilinu. Þá má á myndbandinu greina frekari orðaskipti milli ákærða og B, auk þess sem vitnið D og brotapolu heyrast þar meðal annars eiga í orðaskiptum við ákærða.

Við aðalmeðferð málsins var leikin upptaka af skýrslutöku af vitninu C hjá lögreglu 15. maí 2024.

## **2 Framburður ákærða og vitna fyrir dómi**

2.1 *Ákærði* greindi svo frá að hann hafi verið heima ásamt konu sinni umrætt kvöld, þegar „árás“ hafi verið gerð á heimili þeirra. Barið hafi verið í glugga þannig að hann var við það að brotna. Sagði hann konu sinni hafa brugðið mikið við þetta og í raun hafi hún verið í „áfalli“. Sagðist hann hafa litið út um gluggann og séð „tvo unga menn“ á hlaupum þar fyrir utan. Kvaðst hann hafa farið út og ekið á bíl sínum út [...], niður [...]. Hann hafi komið til baka um tíu mínútum síðar og hafi þá lagt bíl sínum „þvert yfir götuna“ við hús sitt. Um tíu mínútum síðar hafi komið þar að „fjórir ungir menn“. Sagðist hann hafa setið í bíl sínum og tekið myndir af drengjunum þar sem þeir hafi verið „að undirbúa nýja árás“. Sagði hann drengina hafa gengið norður, meðfram húsi ákærða, sem hafi þá farið út úr bifreið sinni þar sem henni var lagt á bílastæði og tekið mynd af drengjunum þar sem þeir eru á gangi norður götuna. Sagði hann drengina hafa staðnæmst við innkeyrslu á húsi ákærða. Hann hafi þá farið í átt til þeirra, „bókstaflega gekk að þeim“, þegar hann hafi heyrt D „í rauninni“ hvetja brotþola til að „klára verkið“, þ.e. „gera aðra árás“. Sagði hann æsinginn hafa verið svo mikinn í drengjahópnum að þeir hafi ekki tekið eftir því þegar ákærði hafi nálgast þá. Sagði hann að uppi hafi orðið fótur og fit þegar þeir urðu ákærða varir. Sagði hann þá hafa hlaupið af stað. D hafi snúið sér við og ýtt með báðum höndum sínum harkalega í bak brotþola með þeim afleiðingum að hann fellur í jörðina. Hinir drengirnir þrír hafi haldið áfram hlaupum sínum til norðurs, en brotþoli setið eftir á gangstéttinni, þar sem hann lá á bakinu. Sagðist ákærði þá hafa tekið þrjár ljósmyndir af brotþola þar sem hann lá þar á jörðinni. Sagði hann brotþola ítrekað hafa sagt við ákærða: „Ég gerði þetta ekki, ég gerði þetta ekki.“ Ákærði kveðst þá hafa sagt: „Ég sá þig gera þetta.“ Hafi brotþoli þá svarað: „Þeir pínðu mig til þess að gera þetta.“ Ákærði kveðst þá hafa sagt við brotþola að konu hans liði illa og væri í áfalli. Hafi ákærði sagt við brotþola að hann ætti að koma með sér og biðja konu hans afsökunar á framferði sínu, en ákærði myndi jafnframt kalla til lögreglu og fela henni úrlausn málsins. Sagði ákærði brotþola hafa samþykkt að fara með sér. Kvaðst ákærði hafa rétt brotþola vinstri hönd sína og tekið í vinstri hönd brotþola og dregið hann á fætur. Sagði hann að brotþoli hafi þá, af fúsum og frjálsum vilja, gengið á undan sér inn í hús ákærða, en þeir ekki mælt orð á leiðinni. Þegar í dyragættina var komið hafi ákærði kallað á konu sína

og sagt við hana: „Hér er kominn ungur maður sem ætlar að biðja þig afsökunar.“ Sagði hann konu sína hafa komið til þeirra en ákærði hafi hringt í 112 og óskað eftir aðstoð lögreglu. Á meðan á þessu hafi staðið hafi nágrenni ákærða, B, komið að húsinu og brotið rúðu í útidyrhurð hússins, en ákærði hafi þá staðið hinum megin við dyrnar. Kvaðst ákærði þá hafa opnað dyrnar en B hafi „ruðst“ inn og æpt ókvæðisorðum að ákærða og tekið brotþola með sér út. Sagði hann B hafa sýnt af sér ógnandi framkomu. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa læst útidyrhurðinni þegar þeir hafi komið þangað inn, enda sé ekki hægt að læsa hurðinni. Dyrnar séu með ASSA-læsingum sem geri það að verkum að dyrnar læsist aldrei að innan, þ.e. það nægi að snúa snerlinum. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa beðið brotþola um nafn og heimilisfang þegar inn var komið. Ekki hafi vakað fyrir ákærða að „hegna einum né neinum“.

Ákærði kvaðst neita fyrir að hafa unnið brotþola nokkurt mein. Þá neitaði hann fyrir að hafa sett hné sitt í bak brotþola þegar hann hafi legið á gangstéttinni, líkt og rakið hafi verið. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þar sem hann lýsir því meðal annars að brotþoli hafi dottið sjálfur í jörðina. Sagðist hann meðvitað hafa greint ranglega frá atvikum að þessu leyti í skýrslu sinni hjá lögreglu. Sagðist honum hafa brugðið við fyrrgreinda meinta háttsemi D og spurt sig þeirrar spurningar hver gæti verið svo illur að skilja vin sinn eftir í „munni tígrisdýrsins“. Þá hafi ákærði talið að brotþoli myndi skýra satt og rétt frá atvikum og sjálfur bera um þetta. Þá sagðist hann hafa sagt í skýrslutöku hjá lögreglu: „Þeir eiginlega ýta hvorum öðrum.“ Sú setning hafi hins vegar ekki verið tekin upp í endurriti skýrslutöku hjá lögreglu.

Þá voru bornar undir ákærða fjórar ljósmyndir sem ákærði kveðst hafa tekið af drengjunum umrætt kvöld á göngu við hús ákærða auk ljósmynda af brotþola. Þá var leikið myndskreið sem eiginkona ákærða, X, tók upp á síma sinn innandyra í húsi ákærða. Sagði ákærði ljósmyndirnar sýna fram á að hann hafi ekki legið ofan á brotþola, líkt og haldið hafi verið fram, heldur staðið yfir honum þegar hann tók myndirnar. Megi vel sjá það á skuggavarp. Þá sagði ákærði myndbandið staðfesta frásögn hans af atvikum. Ákærði benti sérstaklega á að tölur þær sem prentaðar séu í vinstra horni þeirra ljósmynda sem lagðar voru fram í málinu af hans hálfu hefðu verið færðar inn af ákærða sjálfum, eftir á, en tölurnar sýndu tíma og dagsetningu ljósmyndanna. Sagðist ákærði hafa fengið tölvuverkfræðing til að annast þá innfærslu.

Ákærði sagði að fyrir honum hefði í fyrsta lagi vakað að gera brotþola grein fyrir því að hann hefði vakið „ógn og skelfingu“. Þá hafi ákærði jafnframt viljað „færa

[brotaþola] úr þeim aðstæðum sem hann hafði verið í“, þ.e. í „samskiptum við mann eins og hann [D]“.

Ákærði sagði brotaþola hafa verið í „mjög góðu andlegu jafnvægi“ á meðan á samskiptum þeirra hafi staðið, og hann hafi ekki beðið um hjálp. Brotaþoli hafi hins vegar orðið „ofsahræddur“ þegar rúðan á útidyrhurðinni hafi brotnað.

Að lokum sagði ákærði viðlíka ástand hafa viðgengist í fjölda ára og hafi lögregla meðal annars ekki sinnt beiðnum þeirra hjóna um afskipti eða vernd gegn þessum ofsóknum. Hafi þetta endað með því að þau hafi neyðst til að flytja út úr húsinu og í annað bæjarfélag og hafi þau ekki búið þar í þrjú ár. Standi hús þeirra nú autt og yfirgefið.

2.2 Brotaþoli, A, gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins, að viðstöddum fulltrúa barnaverndarnefndar. Greindi hann frá því að hafa verið með vinum sínum umrætt kvöld. Sagði hann þá meðal annars hafa gert dyraat í tveimur húsum. Sagði hann konu ákærða, X, hafa komið út úr húsi sínu og tekið af þeim myndband. Sagði brotaþoli sig og félagasinn, E, báða hafa beðið hana fyrirgefningar á athæfi sínu, en hann hafi á þessum tíma ekki þekkt til X. X hafi hins vegar orðið „brjáluð“ og þeir farið heim til D. Sagði hann þá hafa farið á ný út um 20 mínútum síðar í þeim tilgangi að kanna hvort lögregla væri að leita að þeim. Þegar þeir koma hjá húsi ákærða hafi ákærði hlaupið, eða „komið hratt að“ drengjunum, ráðist á brotaþola, fellt hann í jörðina og haldið honum þar. Aðspurður sagði brotaþoli það vera rangt sem fram hafi komið hjá ákærða að D hafi ýtt brotaþola í jörðina. Kvaðst brotaþoli ekki muna nákvæmlega hvort ákærði hafi hoppað á sig, hrint eða fellt. Sagðist brotaþoli fyrst hafa fallið fram fyrir sig á hné og síðan á maga og hafi ákærði farið ofan á sig þar sem hann hafi legið á bakinu í jörðinni og haldið honum þannig. Hafi ákærði hrist brotaþola til og skammað, en brotaþoli muni ekki nákvæmlega hvað ákærði hafði á orði. Kvaðst brotaþoli hafa „öskrað á hjálp“. Þá hafi ákærði snúið brotaþola á bakið og tekið af honum ljósmyndir og beðið hann um að brosa í myndavélina. Sagði hann ákærða hafa legið á sér þegar hann hafi tekið myndir af brotaþola. Hafi ákærði sagt sér að ætlunin væri að senda myndirnar „á fullt af hættulegum mönnum“. Í framhaldinu hafi ákærði tekið um handlegg brotaþola, reist hann upp og „dregið“ hann inn í hús sitt og læst hann þar inni. Nánar tiltekið hafi ákærði haldið í upphandlegg brotaþola og leitt hann þannig inn í hús sitt og lokað og læst útidyrum á eftir þeim. Kvaðst brotaþoli aðspurður ekki hafa viljað fara með ákærða, en hann hafi haldið að ætlun ákærða hafi verið að „taka“ sig. Kvaðst hann ekki muna til þess að komið

hafi til tals að brotaþoli ætti að koma með ákærða til þess að biðja konu hans afsökunar. Þar hafi ákærði krafist þess að fá uppgefið heimilisfang brotaþola og sagt við hann að hann myndi aldrei þora að fara út úr húsi á nýjan leik. Kvaðst brotaþoli hafa lagt trúnað á hótanir ákærða og verið mjög hræddur. Kvaðst brotaþoli hafa beðið X um hjálp, sem hafi ekki brugðist við því með öðrum hætti en að taka upp myndband af brotaþola. Í framhaldinu hafi hann orðið var við að bankað var á útidyrhurð á heimili ákærða. Taldi brotaþoli víst að þar væru „þessir menn“ á ferð, en í ljós hafi komið að þar var á ferðinni faðir D, vinar brotaþola, B. Ákærði hafi ekki opnað og hafi það endað með því að B hafi brotið glugga á hurðinni og kvaðst brotaþoli þá „einhvern veginn“ hafa komist út úr húsinu. Brotaþoli kvaðst ekki geta sagt til um það hversu lengi hann var inni á heimili ákærða, enda var hann hvorki með síma né klukku. Honum hafi hins vegar liðið eins og hann hafi verið þar í um tíu mínútur. Langur tími sé nú hins vegar liðinn frá atvikum, sem áttu sér stað þegar hann var nýlega orðinn 12 ára gamall.

Aðspurður kvaðst brotaþoli ekki hafa vitað hver ætti heima í húsi ákærða þegar þeir hafi gert þar dyraat. Brotaþoli staðhæfði að hvorki hann né vinir hans hefðu áður gert dyraat heima hjá ákærða. Þá kvaðst brotaþoli aðspurður ekki hafa barið fast á útidyr á húsi ákærða þegar hann hafi gert þar dyraat. Þá sé af og frá að ætlun þeirra hafi verið að brjóta rúður í húsinu eða að ætlun þeirra hafi verið að gera aftur dyraat heima hjá ákærða.

Brotaþoli kvaðst hafa verið hræddur og sér liðið illa á meðan á þessu hafi staðið, enda hafi hann ekki haft nokkra hugmynd um hvað ákærði hefði í hyggju að gera við sig. Þá kvaðst hann hafa verið hræddur um að ákærði myndi, eða menn á hans vegum, leita sig uppi, enda hefði hann gefið honum upp heimilisfang sitt. Sagði hann þetta hafa haft áhrif á sig. Hann hafi til að mynda í kjölfarið verið hræddur á heimili sínu, einkum um nætur. Kvaðst hann hafa átt erfitt með svefn af ótta við ákærða og menn á hans vegum, auk þess sem hann hafi verið hræddur við að vera á gangi í nágrenni við heimili sitt. Hafi ótti hans staðið í um eitt ár frá því að atvik áttu sér stað.

Bornar voru undir brotaþola ljósmyndir sem ákærði tók umrætt kvöld, auk þess sem leikin var myndbandsupptaka úr símtæki vitnisins X þar sem brotaþoli er staddur innandyra í húsi ákærða. Þá var leikin hljóðupptaka af símtali ákærða við fjar-skiptamiðstöð ríkislögreglustjóra.

Brotaþoli sagði að öðru leyti hafi verið rétt eftir sér haft í skýrslutöku hjá lögreglu.

2.3 Vitnið X, eiginkona ákærða, óskaði eftir að gefa framburðarskýrslu við aðalmeðferð málsins. Greindi hún frá því að „árás“ hefði verið gerð á heimili hennar af hálfu drengja sem gerðu sér sérstaka ferð „þvert yfir bæjarfélagið“ í þeim tilgangi. Þeir hafi barið húsið „allt að utan“. Sagði hún ákærða hafa beðið sig um að hringja á lögreglu. Hún kvaðst þess í stað hafa afráðið að fara út og ræða við drengina. Kvaðst hún hafa innt þá eftir því hvaða erindi þeir ættu til hennar og sagði þeim jafnframt að „koma sér í burtu“. Þeir hafi brugðist við því með því að „senda [henni] fokkaþuttann“ og hlaupa í burtu. Sagðist hún hafa tekið upp myndband af drengjunum sem hún hafi afhent lögreglu til meðferðar.

Kvaðst hún ekki hafa vitað um ferðir ákærða þetta kvöld fyrr en hann kallar til hennar og segir henni að „ungur maður“, brotaþoli, standi í forstofunni sem vilji biðja vitnið afsökunar. Hafi hún sagt við brotaþola: „Hvað ert þú að gera hér í [...], er svona leiðinlegt í Keflavík?“ Að hennar sögn hafi brotaþoli tjáð henni að vinir hans hefðu att honum út í að gera dyraat, sem hafi verið hluti af TikTok-leik. Sagði hún brotaþola hafa verið inni á heimili hennar í sjö sekúndur, allt þar til nágranni þeirra, vitnið B, hafi brotið sér inngöngu með því að berja í hurðina og hann „rifið“ brotaþola út. Kvaðst hún aðspurð ekki vita hvort útidyrhurð hússins hafi verið læst eða ólæst. Aðspurð kvaðst hún telja að brotaþoli hafi alls verið í um 20 sekúndur inni hjá þeim. Sagðist hún aldrei hafa séð ákærða leggja hendur á brotaþola. Sagði hún ákærða hafa hringt á lögreglu.

Vitnið sagði þau hafa þurft að þola mikið ónæði um langa hríð, bæði áður og eftir þetta, sem á endanum leiddi til þess að þau hafi flutt úr húsinu, sem nú standi autt. Kvaðst henni líða „ömurlega“. Hún hafi haft réttarstöðu sakbornings í tvö og hálf ár, jafnvel þótt hún hafi ekkert gert.

Spilaður var valinn kafli úr fyrrgreindri myndbandsupptöku og hann borinn undir vitnið.

2.4 Vitnið D gaf skýrslu fyrir dóminum, að viðstöddum fulltrúa barnaverndar Reykjanesbæjar. Sagði hann þá drengina hafa gert dyraat umrætt kvöld, þar á meðal á heimili ákærða. Sagði hann vitnið X hafa komið út og tekið af þeim myndband. Sagði hann brotaþola, A, og C hafa hlaupið í burtu en vitnið og E hafi verið þar áfram. Sagði hann X hafa tjáð þeim að lögreglan væri á leiðinni og sagt drengjunum að fara, sem þeir gerðu. Að sögn vitnisins hafi hann og vitnið E beðið X afsökunar, en ekki sýnt henni dónaskap, líkt og haft hafi verið eftir henni.

Sagði hann þá hafa farið á heimili vitnisins og greint foreldrum sínum frá atvikum. Að því búnu hafi þeir á ný farið út og gengið fram hjá húsi ákærða þegar þeir hafi skyndilega orðið varir við að einhver væri að hlaupa í átt til þeirra. Sagðist hann hafa litið aftur þar sem þeir voru staddir við hús ákærða og þá séð hvar ákærði kom þar hlaupandi til þeirra. Brotapoli sagði ákærða hafa náð að grípa í brotapola, sem hafi verið aftastur, og „hoppað á hann“, líkt og amerískur ruðningskappi, með þeim afleiðingum að brotapoli féll fram fyrir sig og ákærði ofan á hann. Sagðist hann hafa séð ákærða hafa haldið brotapola þar sem þeir lágu á jörðinni. Sagðist D þá hafa hlaupið heim til sín og kallað til lögreglu. Hafi faðir hans, vitnið B, þá farið heim til ákærða eins og áður er lýst. Vitnið kvaðst hafa heyrt brotapola kalla á hjálp.

Aðspurður sagði vitnið brotapola hafa framkvæmt dyraat hjá ákærða með því að banka á glugga á útidyrhurð á heimili ákærða, en á meðan hafi vitnið og hinir drengirnir staðið í nokkurra metra fjarlægð. Sagði hann rangt hjá ákærða að hann hefði „manað“ brotapola til að framkvæma atið. Sagði hann drengina, hvorki fyrir né síðar, hafa gert dyraat á heimili ákærða. Þetta kvöld hefðu þeir jafnframt gert dyraat í einu öðru húsi. Neitaði vitnið að dyraatið hefði verið hluti af svokölluðum TikTok-leik.

Vitnið sagði alrangt að hann hefði sjálfur hrint brotapola í jörðina, líkt og haft hefði verið eftir ákærða.

Bornar voru undir vitnið ljósmyndir sem ákærði tók umrætt kvöld. Kvaðst hann þekkja sig og vini sína á myndunum. Þá kvaðst hann staðfesta að hafa greint satt og rétt frá atvikum í skýrslutöku hjá lögreglu.

2.5 Vitnið B sagði drengina hafa komið til vitnisins umrætt kvöld og tjáð honum að vinur þeirra væri í haldi í „einhverri íbúð“. Kvaðst hann í fyrstu ekki hafa lagt fullan trúnað á frásögnina fyrir en einn þeirra hafi hringt í 112. Kvaðst hann þá hafa beðið drengina um að sýna sér hvar brotapola væri haldið. Þegar hann hafi komið að húsi ákærða hafi hann séð hvar ákærði stóð við dyrnar. Sagðist vitnið hafa „lamið“ þrisvar sinnum í hurðina með þeim afleiðingum að rúða brotnaði. Ákærði hafi þá opnað dyrnar og vitnið gripið brotapola og farið með hann út. Hafi hann og ákærði átt í einhverjum orðaskiptum í framhaldinu.

Leikinn var kafli úr áðurgreindri myndbandsupptöku og hún borin undir vitnið. Kvaðst vitnið ekkert sérstakt hafa um myndbandið að segja.

2.6 Vitnið *F* greindi frá því að hafa verið á gangi í götunni með *G* og *H*, vinum sínum, á leið frá Bitanum, umrætt kvöld þegar hann hefði séð nokkra drengi á hlaupum frá húsi í götunni og hafi hann grunað að þeir hafi verið að gera þar dyraat. Sagði hann „einhvern gæja“ hafa komið út úr húsi sínu og farið til drengjanna sem hafi tekið á rás. Sagði vitnið manninn þó hafa náð að sparka í fætur eins þeirra þannig að hann féll fram fyrir sig og í jörðina, en þeir hafi þá verið staddir við „næsta hús“, þ.e. það hús sem stendur gegnt húsi mannsins. Hafi þeir síðan fært sig yfir á grasið við blokkirnar hinum megin við götuna. Hann hafi því séð atvik vel. Sagði hann manninn hafa fallið með drengnum. Hafi maðurinn því næst rífið brotapolu upp og farið með hann inn í hús sitt. Kvaðst hann vera þess handviss að maðurinn hafi læst á eftir sér. Sagði vitnið aðra hafa hlaupið í burtu frá manninum. Nánar tiltekið sagði hann manninn hafa gripið í öxl drengsins og rífið hann þannig upp af jörðinni.

Kvaðst vitnið hafa heyrt þá ræða saman, en geti þó ekki sagt til um hvað þeim hafi farið á milli. Vitnið kvaðst aðspurður ekki hafa séð manninn taka ljósmyndir. Taldi vitnið víst að drengurinn hafi ekki viljað fara með manninum og hafi viljað komast í burtu frá honum. Kvaðst hann hafa heyrt drenginn óska eftir hjálp. Maðurinn hafi hins vegar haldið í hönd drengsins og leitt hann þannig inn til sín. Kvaðst vitnið aðspurður ekkert þekkja til þessa manns og geti ekki sagt til um hvort hann hafi verið ákærði.

Aðspurður taldi vitnið að drengurinn hafi verið í um eina til tvær mínútur inni í húsinu. Það hafi því ekki verið rétt sem fram kom hjá honum í skýrslutöku hjá lögreglu hvað þetta varðar.

Vitnið kvaðst staðfesta að hafa að öðru leyti greint satt og rétt frá atvikum í skýrslutöku hjá lögreglu. Sagði hann frásögn sína alfarið reista á því sem hann sjálfur hafi orðið vitni að.

Bornar voru undir vitnið ljósmyndir sem ákærði tók umrætt sinn. Kvaðst vitnið ekki hafa séð manninn taka ljósmyndir. Hann hafi þó séð hann „halda á einhverju“.

2.7 Vitnið *G*, gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins, að viðstaddri móður sinni. Kvaðst hann hafa verið með vinum sínum á heimleið frá Bitanum umrætt kvöld. Sagðist hann hafa séð drengi sem hann taldi vera að gera dyraat. Hann hafi séð drengina á hlaupum og „kallinn“ sem hafi átt heima í húsinu á eftir þeim. Sagði hann manninn hafa „sparkað strákinn niður“, með því að sparka „aftan í hann“ og haldið honum niðri „í smástund“ og farið síðan með drenginn inn í hús til sín. Aðspurður sagði hann kallinn hafa staðið yfir

drengnum og haldið honum þannig niðri. Minnti hann þó að maðurinn hafi farið á hné og haldið drengnum þannig niðri „í smástund“. Hann muni ekki hvort þeir hafi átt í orðaskiptum. Hann telji sig þó hafa heyrt öskur, en geti þó ekki sagt til um hvor þeirra hafi öskrað. Hann hafi þó heyrt drenginn biðja um hjálp og taldi hann víst að drengurinn hafi ekki viljað fara með manninum.

Vitnið kvaðst ekki muna vel eftir atvikum nú og muni einnig ekki vel eftir frásögn sinni hjá lögreglu við skýrslutöku í apríl 2024. Kveðst hann þó viss um að hafa munað atvik betur þá en nú.

Bornar voru undir vitnið ljósmyndir sem ákærði tók umrætt sinn, einkum hvað varðar staðsetningu vitnisins. Sagðist hann hafa staðið á bílplaninu, þ.e. á svipuðum stað og ætla megi að ljósmyndin hafi verið tekin.

2.8 Vitnið *H* greindi svo frá að umrætt kvöld hafi hún verið á gangi á leið frá sjoppunni Bitanum, þegar hún hafi séð „einhverja krakka“ á hlaupum undan manni sem hafi elt þá. Hún geti þó ekki sagt til um hvort maðurinn hafi sjálfur verið á hlaupum. Hún hafi þó ekki séð hvaðan maðurinn hafi komið. Sagði hún manninn hafa náð einum drengnum, sem hafi fallið í jörðina, en hún geti ekki sagt til um hvort drengurinn hafi sjálfur dottið eða hvort maðurinn hafi fellt hann. Sagði hún manninn hafa staðið yfir drengnum, sem hana minni að hafa verið á hnjánum, og sýndist henni sem maðurinn héldi í drenginn. Þá taldi hún sig hafa heyrt drenginn biðja manninn um að sleppa sér, önnur orðaskipti heyrði hún ekki. Sagði hún manninn þá hafa farið með drenginn inn í hús sitt, en geti ekki sagt til um hvort maðurinn hafi haldið í drenginn. Hún telji þó víst að maðurinn hafi haldið í drenginn. Taldi hún drenginn hafa verið í nokkrar mínútur inni hjá manninum, en geti ekki sagt til um það nú.

Sagðist vitnið muna illa eftir atvikum, enda langt um liðið. Hún sagði framburð sinn hjá lögreglu í apríl 2024 vera réttan.

Bornar voru undir vitnið ljósmyndir sem ákærði tók umrætt sinn, þar á meðal hvað varðar staðsetningu vitnisins og vina hennar umrætt sinn.

2.9 Vitnið *I* greindi frá því að umrætt kvöld hafi hann verið heima hjá sér að horfa á sjónvarp þegar bankað hafi verið á útidyrnar. Hafi vitnið farið til dyra, en þar hafi enginn staðið. Dró hann því þá ályktun að krakkar hefðu verið að gera hjá honum dyraat, líkt og undanfarandi þrjú kvöld. Sagðist hann hafa farið með hundinn út þegar hann hafi orðið

var við „æsing“ við næsta hús, [...]. Að fenginni reynslu hafi hann ákveðið að fara í göngutúr með hund sinn, í þeim tilgangi meðal annars að fylgjast með atvikum. Kvaðst hann hafa gengið í um 10–15 mínútur með hundinn þegar hann hafi séð ákærða aka um hverfið „að leita“. Um 10–15 mínútum síðar hafi hann heyrt „skaðræðisöskur“. Hann hafi því tekið á ráð í átt að húsinu og hafi þá séð dreng fyrir utan hús ákærða og „annan föður“ í „orðaskaki“ við ákærða.

Nánar lýsti hann aðdragandanum svo að hann hefði séð ákærða „rjúka“ í bíl sinn og hafi hann heyrt konuna hans öskra á eftir honum og „reyna að stöðva hann“, með því að segja: „stoppaðu“, eða eitthvað í þá veru. Kvaðst hann ekki muna hvort ákærði hafi svarað kalli konu sinnar. Aðspurður um dyraat sem gert hafi verið hjá honum umrætt kvöld sagði hann að bankað hefði verið „fast á hurðina“ og hefðu gerendur síðan hlaupið á brott. Aðspurður hvort bankað hefði verið mjög fast á dyrnar sagði hann svo ekki hafa verið, þetta hefði „verið eðlilegt bank“.

Vitnið kvaðst staðfesta fyrri framburð sinn hjá lögreglu.

2.10 Vitnið E gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins, að viðstöddum fulltrúa barnaverndaryfirvalda. Greindi hann frá því að hafa verið að gera dyraat, meðal annars hafi brotþoli bankað hjá ákærða Elíasi. Í framhaldinu hafi kona ákærða komið út og rætt við drengina, sem hafi þá farið í burtu, en þegar þeir hafi á ný gengið fram hjá húsi ákærða hafi hann komið hlaupandi að drengjunum „og fellt“ brotþola og tekið hann með sér inn til sín. Sagði hann drengina þá hafa farið heim til D og hringt þar á lögreglu. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð ákærða koma hlaupandi. Kvaðst vitnið sjálfur hafa hlaupið af stað um leið og hann hafi orðið þess var að vinir hans höfðu tekið á ráð. Kvaðst hann í framhaldinu hafa séð ákærða hlaupa að brotþola sem hafi svo legið „í jörðinni“. Kvaðst hann ekki hafa séð hvernig brotþoli hafi fallið en hann hafi hins vegar séð ákærða „ofan á“ brotþola og minnti hann að brotþoli hefði þá legið á maganum.

Aðspurður kvaðst hann minna að þeir hafi beðið konu ákærða afsökunar á því að hafa gert dyraat á heimili þeirra.

Bornar voru undir vitnið ljósmyndir sem ákærði tók umrætt kvöld. Sagðist hann ekki geta sagt til um hverjir væru á myndunum.

Vitnið staðfesti að hafa greint satt og rétt frá í skýrslu sinni hjá lögreglu.

2.11 *Lögreglumaður [1], áður H-[...]*, sagðist hafa rætt við nokkra unga krakka sem voru á vettvangi, auk þess að ræða við vitnið I. Lögreglumaðurinn kvaðst staðfesta aðkomuskýrslu sem hann ritaði vegna málsins.

2.12 *J*, sálfræðingur á HSS, sagðist hafa haft brotþola til meðferðar vegna depurðar og slakrar sjálfsmyndar í um eitt ár, frá því í febrúar 2024 fram til janúar 2025. Hafi brotþoli mætt í alls 12 viðtöl. Sagði hún brotþola ekki hafa rætt beinlínis um það atvik sem hér er til meðferðar. Sagði hún brotþola hafa greint frá óöryggi, sem sálfræðingurinn hafi talið sig geta rakið til atviksins, þótt brotþoli hafi sjálfur ekki rætt það sérstaklega. Hún telji þó víst að rekja mætti líðan hans til atviksins, enda hafi henni ekki verið kunnugt um aðrar breytur í lífi hans að þessu leyti. Sagði hún brotþola hafa kennt sjálfum sér um afleiðingar atviksins, einkum þær afleiðingar sem það hafi haft á foreldra hans og fjölskyldu. Sagði hún brotþola hafa liðið betur við „útskrift“ hjá sálfræðingnum. Hún gæti þó ekki sagt til um hvort það hafi verið sálfræðimeðferðinni að þakka. Aðspurð kvaðst hún þó telja að atvikið hafi markað djúp spor í andlega líðan brotþola. Taldi hún víst að skerta sjálfsmynd brotþola megi rekja til atviksins.

2.13 *Lögreglumaður nr. [2]* sagðist hafa annast handtöku og flutning á ákærða, auk þess sem hann hafi ritað frumskýrslu í málinu, sem hann staðfesti rétta. Sagði hann ákærða hafa neitað að ræða við lögreglu á vettvangi. Minnti hann að ákærði hefði orðrétt sagt við lögreglu: „Ég tala ekki við hálfvita.“ Hafi ákærði sýnt slíkan mótþróa að nauðsynlegt hafi verið að handtaka hann og færa á lögreglustöð, en það hafi verið gert í samráði við vakthafandi aðalvarðstjóra.

2.14 Vitnið *C* gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins, að viðstöddum fulltrúa barnaverndaryfirvalda. Að sögn hafi hann og vinir hans gert dyraat hjá ákærða umrætt kvöld. Sagði hann að um fimm mínútum síðar hafi kona ákærða komið að þeim og spurt þá hvers vegna þeir væru að gera hjá henni dyraat. Sagði hann drengina þá hafa farið í burtu. Nokkru síðar, þegar þeir voru á leið til vinar vitnisins, hafi ákærði „hrint“ brotþola, þ.e. komið aftan að brotþola og „ýtt honum niður“ eða „hoppað á hann“, sem hafi þá fallið fram fyrir sig og lent fyrst á hnjám og síðan á maga.

Sagðist *C* hafa verið við hlið brotþola á þeim tíma og hafi séð atvik vel, en hann kvaðst þó ekki hafa séð ákærða koma til þeirra. Sagðist hann þá hafa hlaupið „smá“ og

síðan beðið og síðan hlaupið aftur af stað. Kvaðst hann hafa séð „þetta allt“. Sagði hann brotþola margsinnis hafa öskrað á hjálp.

Kvaðst C hafa hlaupið heim til vitnisins D og hringt þar á lögreglu, sem hafi mætt á vettvang um fimmtán mínútum síðar.

C kvaðst staðfesta framburð sinn hjá lögreglu. Í skýrslunni væri þó ranglega eftir honum haft að hann hefði ekki séð ákærða fella brotþola, enda standi hann fast á því að hafa séð atvik með þeim hætti sem hann hefur lýst fyrir dóminum.

2.15 *K* sálfræðingur greindi frá því að brotþoli hefði mætt til hans í fjögur viðtöl í kjölfar atviksins. Sagði sálfræðingurinn atvikið hafa „skelkað“ brotþola, sem hafi kjölfar þess verið mjög var um sig. Hafi hann meðal annars sofið með hníf undir kotta sínum næstu nætur á eftir af ótta við ákærða og hafi átt erfitt með að vera einn, einkum næstu daga á eftir. Þá sagði hann brotþola hafa greint frá því að hafa breyst í hegðun. Hann hefði áður verið mjög líflegur en héldi sig nú til hlés. Sagði vitnið augljóst að líðan brotþola hefði tekið að batna með tímanum og allt fram í júní 2023 þegar sálfræðingurinn hefði síðast rætt við brotþola. Kvaðst hann ekki hafa forsendur til að leggja mat á það hvort atvikið hefði markað djúp spor í sálarlíf brotþola. Sagði hann þó að atvikið hefði tvímælalaust breytt „atferlismynstri“ brotþola.

Staðfesti sálfræðingurinn vottorð sitt frá 29. júní 2023.

2.16 *Lögreglumaður nr. [3]* kvaðst hafa annast handtöku ákærða og rætt stuttlega við nokkur vitni á vettvangi. Kvaðst lögreglumaðurinn staðfesta aðkomuskýrslu sem hann ritaði vegna málsins.

2.17 *Lögreglumaður nr. [4]* staðfesti fyrir dómi að hafa annast rannsókn málsins.

2.18 *Lögreglumaður nr. [5], áður H-[...]*, kvaðst hafa farið á vettvang ásamt lögreglumanni nr. 3. Kvaðst lögreglumaðurinn staðfesta aðkomuskýrslu sína í málinu.

2.19 *Læknir nr. [...]*, yfirlæknir á HSS, staðfesti að hafa ritað vottorð vegna brotþola, dagsett 20. mars 2023. Sagði hann vottorðið unnið upp úr sjúkraskrá, en læknirinn kvaðst sjálfur ekki hafa skoðað brotþola. Sagði hann að við komu hafi ljósmyndir verið teknar af áverkum á líkama brotþola sem hefðu átt að fylgja vottorðinu í viðhengi. Sagði hann

að brotaþoli hafi greinst með mar á handleggjum og lófa, hrufi á sköflungi og mar beggja vegna aftan á kálfum. Þá hafi hann verið með bláma á hnjám og húð hans hrufuð, en hann hafi ekki verið með opin sár. Sagði hann aðspurður telja þá líkamlegu áverka sem greindust á brotaþola geta bent til þess að hann hafi fallið fram fyrir sig. Þá gæti mar á hægri hönd bent til þess að gripið hafi verið í hana.

### 3 Niðurstaða

Ákærða er í máli þessu gefið að sök að hafa veist með ofbeldi að brotaþola, sem þá var 12 ára, með því að elta drenginn uppi, fella hann í jörðina og halda honum þar föstum, draga hann síðan á fætur og taka hann, gegn vilja drengsins, inn á heimili sitt og læsa útidyrhurðinni allt þar til nágranni ákærða kom og færði drenginn út af heimili ákærða, allt með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru. Með því hafi ákærði sýnt drengnum yfirgang og ruddalegt athæfi, auk ógnandi og vanvirðandi framkomu.

Nokkuð ber á milli í frásögn ákærða annars vegar og brotaþola hins vegar. Ákærði hefur neitað sakargiftum eins og þeim er lýst í ákæruskjali. Hefur hann lýst atvikum svo að hann og fjölskylda hans hafi setið undir „miklum árásum“ á heimili þeirra um langt árabíl, meðal annars af hálfu barna og unglinga í sveitarfélaginu. Hafi heimili þeirra meðal annars verið grýtt eggjum og unnar á því skemmdir. Að sögn ákærða hafi verið gert dyraat hjá honum umrætt kvöld og hafi hann brugðist við því með þeim hætti að fylgjast með ferðum drengjanna og hafi tilgangur hans verið sá að ná af þeim ljósmyndum til sönnunar, enda taldi hann víst að þeir væru að undirbúa „nýja árás“. Kvaðst ákærði hafa elt drengina uppi, og komið þeim að óvörum. Við það hafi orðið uppi fótur og fit og hafi vitnið D ýtt við brotaþola með báðum höndum þannig að hann féll í jörðina, en félagar hans hafi tekið á rás og skilið brotaþola eftir. Í skýrslutöku sinni hjá lögreglu greindi ákærði hins vegar svo frá að brotaþoli hafi sjálfur fallið í jörðina, en fyrir dómi bar hann að vitnið D hefði ýtt honum í jörðina. Hefur ákærði skýrt þetta misræmi svo að honum hafi brugðið við fyrrgreinda meinta háttsemi D og spurt sig þeirrar spurningar hver gæti verið svo illur að skilja vin sinn eftir í „munni tígrisdýrsins“. Þá hafi ákærði talið að brotaþoli myndi skýra satt og rétt frá atvikum og að brotaþoli myndi sjálfur bera um þetta. Hefur ákærði borið um að hafa tekið þrjár ljósmyndir af brotaþola þar sem hann lá á jörðinni, sem hann hefur lagt fram sem gagn í máli þessu. Hafi brotaþoli sagt við hann: „ég gerði þetta ekki, ég gerði þetta ekki“, en ákærði hafi sagst vita betur. Kvaðst ákærði hafa aðstoðað brotaþola á fætur og beðið hann um að koma með sér til konu sinnar

og biðja hana afsökunar á athæfinu, en henni liði illa. Auk þess hafi hann sagst ætla að kalla á lögreglu. Sagði hann brotþola hafa farið með ákærða, af fúsum og frjálsum vilja. Ákærði hefur þverneitað fyrir að hafa beitt brotþola ofbeldi sem og að hafa tekið hann gegn vilja sínum inn á heimili sitt og haldið honum þar.

Framburði brotþola fyrir dómi er lýst hér að framan. Lýsti hann því að ákærði hefði skyndilega komið hlaupandi að brotþola, þar sem hann var á gangi með vinum sínum í nágrenni við heimili ákærða umrætt kvöld, og ýtt við sér eða hrint með þeim afleiðingum að brotþoli féll fram fyrir sig í jörðina. Sagði brotþoli ákærða hafa „farið ofan á sig“ þar sem hann hafi legið í jörðinni, hrist sig og skammað. Kvaðst brotþoli hafa hrópað á hjálp. Sagði hann ákærða hafa tekið af sér ljósmyndir sem hann hafi sagst myndu senda til margra „hættulegra manna“. Í framhaldinu hafi ákærði tekið í handlegg brotþola, reist hann upp og tekið hann þannig með sér á heimili sitt, lokað útidyrum hússins og læst. Sagði brotþoli ákærða hafa haldið sér þar inni, gegn vilja sínum, í nokkurn tíma, þótt hann hafi ekki getað staðhæft hversu lengi, allt þar til vitnið B hafi brotið sér leið inn í húsið og þannig frelsað brotþola.

Fær framburður brotþola afdráttarlausu stoð í framburði margra þeirra vitna sem skýrslu gáfu við aðalmeðferð málsins. Er þar annars vegar um að ræða vætti þriggja féлага brotþola sem voru á gangi með honum umrætt kvöld, þ.e. þeirra D, E og C, en þeir hafa allir, hver á sinn hátt, borið að ákærði hafi fyrirvaralaust komið aftan að þeim og ýmist ýtt, hrint eða hoppað á brotþola, þannig að hann féll í jörðina. Þá greindu vitnin D og C frá því að hafa heyrt brotþola kalla á hjálp. Þá kváðust vitnin F, G og H öll hafa verið á leið frá söluturninum Bitanum umrætt kvöld þegar þau hafi séð hvar ákærði veittist að einum drengjanna og felldi hann með einum eða öðrum hætti. Öll báru þau um að drengurinn hefði kallað á hjálp eða beðið ákærða um að sleppa sér og hafi ekki viljað fara með ákærða á heimili hans.

Líkt og að framan greinir lagði ákærði fram nokkrar ljósmyndir sem hann tók af brotþola og félögum hans umrætt kvöld, sem hann segir renna stoðum undir frásögn sína af atvikum. Af þeim myndum verður að mati dómsins ekkert ráðið um það hvort ákærði hafi staðið yfir brotþola eða legið, enda ræður það ekki úrslitum við mat á háttsemi ákærða. Það eitt verður þó ráðið að brotþoli var augljóslega verulega skelkaður.

Þegar allt framangreint er virt heildstætt, og að teknu tilliti til framburðar vitnisins X, eiginkonu ákærða, sem og þeirra sýnilegu sönnunargagna sem liggja fyrir í málinu,

þar á meðal ljósmynda og myndbandsupptöku, verður talið hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi veist með ofbeldi að brotþola með því að elta hann uppi, fella hann í jörðina, halda honum þar föstum og taka hann svo með sér á heimili sitt, gegn vilja drengsins, með þeim afleiðingum sem í ákæru er lýst, en áverkar þeir sem lækni greindi á líkama brotþola samræmast frásögn hans. Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 225. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með háttsemi sinni sýndi ákærði brotþola jafnframt yfirgang og ruddalegt athæfi auk ógnandi og vanvirðandi framkomu svo varði við 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

#### **4 Um ákvörðun refsingar, einkaréttarkröfur o.fl.**

Ákærði er fæddur árið 1962 og hefur samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 13. júní 2025, ekki áður verið fundinn sekur um refsiverðan verknað. Að virtri háttsemi þeirri sem ákærði hefur nú verið fundinn sekur um og afleiðingum háttsemi hans þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur þá einkum verið horft til þess dráttar sem orðið hefur á rannsókn málsins, sem ákærða verður ekki um kennt.

Með háttsemi sinni hefur ákærði bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart brotþola, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við mat á fjárhæð miskabóta verður horft til þeirra afleiðinga sem háttsemi ákærða hafði á sálarlíf brotþola, sem var einungis 12 ára, líkt og brotþoli hefur sjálfur lýst og ráða má af fyrirliggjandi sálfræðivottorðum. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 600.000 krónur. Þá verður ákærða jafnframt gert að greiða brotþola kostnað vegna sálfræðiþjónustu, sem studdur er framlögðum greiðslu-kvittunum að fjárhæð 58.500 krónur. Var einkaréttarkrafan birt ákærða 23. júní 2025. Skulu hinar dæmdu bætur bera vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. febrúar 2023 til 23. júlí 2025 en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim tíma til greiðsludags.

Að framangreindu virtu og í samræmi við 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Jónssonar lögmanns, 2.473.800 krónur, og aksturskostnað verjandans, 14.400 krónur. Ákærða verður jafnframt gert að greiða þóknun réttargæslumanns brotþola, Inga Freys Ágústssonar lögmanns, 1.413.600 krónur. Við ákvörðun málskostnaðar verjanda og þóknunar réttargæslumanns hefur verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

Ákærði greiði enn fremur annan sakarkostnað máls, sem samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti nemur 35.504 krónum.

Klara Dögg Thorarensen aðstoðarsaksóknari fór með málið af hálfu ákærvalds. Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Elías Georgsson, sæti fangelsi í þrjú mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla að liðnum þremur árum frá dómsbirtingu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 658.500 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. febrúar 2023 til 23. júlí 2025 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Jónssonar lögmanns, 2.473.800 krónur, auk útlagðs kostnaðar verjandans, 14.400 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, 1.413.600 krónur. Ákærði greiði 35.504 krónur í annan sakarkostnað.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson